

Ársskýrsla

Stúdentafélags Háskólans á Akureyri





Útgefandi
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Ritstjóri
Agnes Ögmundsdóttir

Efnisyfirlit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri	5
Ávarp formanns	5
Skýrsla Stúdentaráðs	8
Stúdentaráð	8
Skýrsla Framkvæmdastjórnar	11
Starfsemi framkvæmdastjórnar	11
Pistill frá framkvæmdastjórn	11
Aðalfundur 2022.....	14
Landssamtök íslenskra stúdenta	19
Skýrslur fastanefnda SHA	22
Alþjóðanefnd	22
Kynninganefnd	24
Viðburðarnefnd	26
Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri.....	29
Háskólaráð.....	30
Gæðaráð.....	33
Siðanefnd.....	35
Jafnréttisráð	36
Umhverfissráð.....	38
Vísindaráð	40
Stjórn FÉSTA	42
Aðildarfélög SHA.....	43
Ársskýrsla Data	44
Ársskýrsla Eirar	49
Ársskýrsla Kumpána	52

Ársskýrsla Magister.....	55
Ársskýrsla REKA	61
Ársskýrsla Stafnbúa.....	63
Ársskýrsla Þemis	65
Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri	68
Ársreikningar aðildarfélaga.....	71
Ársreikningur Data	71
Ársreikningur Eirar.....	73
Ársreikningur Kumpána	75
Ársreikningur Magister	77
Ársreikningur Reka	79
Ársreikningur Stafnbúa	81
Ársreikningur Þemis.....	83

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Ávarp formanns



Það hefur verið mikill heiður og forréttindi að gegna embætti formanns Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Ég vona að ég hafi gert það með þryði og hef ávallt borið mikla virðingu fyrir embættinu. Áður en ég tók við sem formaður SHA bjó ég yfir þónokkurri reynslu í hagmsunabaráttu og félagslífi við Háskólann á Akureyri. Ég hafði áður verið formaður Þemis, félags laganema tvö ár í röð og þar áður nýnemafulltrúi fyrrnefnds félags. Eftir að hafa setið sem formaður Þemis vildi ég taka skref uppá við og taka við embættinu sem ég sit í. Það býr ákveðinn sjarmi yfir félagsstörfum við HA og hafa öll þau verkefni sem ég hef tekið að mér verið skemmtileg og lærdómsrík. Það er því með miklum heil hug að ég fer frá borði eftir fjögur ár með bros á vör og tilbúinn að takast á við næstu verkefni.

Starfsárið sem nú er að líða undir lok hefur verið vægast sagt sveiflukennt. Þegar ég tók við sem formaður ákváðum við Agnes, varaformaður og Særún, fjármálastjóri að leggja línurnar fyrir komandi starfsár með tilliti til heimsfaraldursins sem hafði legið á samfélaginu í að verða tvö ár. Heimsfaraldurinn hafði gert það að verkum að félagslífið við skólann lá í dvala er varðar staðbundna viðburði en fyrrum framkvæmdastjórn hafði gert magnaða hluti miðað við ástand sem lá yfir Íslandi í formi rafrænna viðburða. Hagsmunabaráttan hefur ávallt verið mér kær og stóð fyrrum framkvæmdastjórnin sig mjög vel að koma áhyggjum stúdenta til skila og grófu veginn að góðu samstarfi við yfirstjórn skólans.

Markmið mitt þetta starfsárið var að endurvekja það æðislega félagslíf sem SHA hefur boðið uppá seinustu ár. Með elju og baráttuhug náðist að halda flest alla stærstu viðburði SHA; Nýnemapartý í Sjallanum, Sprellmót, Útilegu og svo minni viðburði eins og Björbingó, Halloween partý o.s.frv. Það lítur einnig allt út fyrir það að Árhátíð SHA verði haldin þann 12. mars n.k. í Hátíðarsal skólans eftir tveggja ára dvöl. Ásamt mögnuðu félagslífi var eitt af markmiðum okkar í framkvæmdastjórn að efla tenginguna við atvinnulífið og þó svo að þetta

sé ávarp formanns get ég ekki annað en hrósað Særúnu Önnu fyrir mögnuð störf í að gera Framadaga að veruleika og vona ég að ný framkvæmdastjórn verði við ósk hennar um Framadaga á staðnum en ekki í netheimum.

Það var þó ekki einungis sungið og trallað en þetta ferðalag hefur verið einnig mjög krefjandi og kennt mér ýmislegt. Mikilvægi ábyrgðar og virðingu til allra sem ég vinn með, að líta á öll mál með gagnrýnni hugsun og að vera viðbúinn allskonar mótlæti sem starfið hefur í för með sér. Það verður seint sagt að þetta starfsár hafi verið dans á rósum en mikilvægt og gott samstarf við stúdentaráð SHA og yfirstjórn skólans hjálpaði gífurlega.

Að lokum vil ég þakka stúdentum HA og stúdentaráði SHA fyrir ógleymanlegt starfsár. Einnig vil ég þakka Agnesi og Særúnu fyrir æðislegt samstarf í gegnum súrt og sætt og þakka þeim enn meir fyrir vináttuna sem myndaðist. Til þess að markmið mitt að gera félagslífið í HA eins og það áður var vil ég hvetja alla til þess að taka virkan þátt í háskólasamfélaginu. Í því felst mikil ávinningur, vinskapur til æviloka og það er hægt að taka það með sér sem veganesti í framtíðina.

Akureyri, 24. febrúar 2022

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

Formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2021-2022

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflökkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess sem félagið vinnur náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.

Skýrsla Stúdentaráðs

Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna sem kosnir eru til eins árs í senn auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði.

Stúdentaráð starfsárið 2021-2022:

Nökkvi A.R. Jónsson, formaður og fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA

Agnes Ögmundsdóttir, varaformaður

Særún Anna Brynjarsdóttir, fjármálastjóri

Árni Steinar Þorsteinsson, formaður Data

Hugrún Sigurðardóttir, formaður Eirar

Guðný Helga Johnsen, formaður Kumpána

Sólveig Birna Elísarbetardóttir, formaður Magister

Fríða Freydís Þrastardóttir, formaður Reka

Heiðís Fríða Agnarsdóttir, forseti Stafnbúa

Aðalheiður Kristjánsdóttir, formaður Þemis

Margrét Sól Jónasdóttir, formaður Alþjóðanefndar

Guðbjörg Aðalsteinsdóttir, formaður Kynninganefndar

Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir, formaður Viðburðanefndar

Sólrún Björg Þorgilsdóttir, fulltrúi fjarnema í stúdentaráði

Dagmar Ólína Gunnarsdóttir, fulltrúi stúdenta í gæðaráði HA

Pistill frá stúdentaráði

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldin 4. mars. Alls voru 8 formlegir fundir á starfsárinu. Á starfsárinu áttu 15 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður SHA situr einnig

Í háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 16 talsins. Vegna breytingar sem gerð var á starfsemi Forseta, félags lögreglufræðinema, fækkaði fulltrúum stúdentaráðs frá fyrra ári úr 17 í 16.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Rétt eins og síðustu starfsár var einróma samþykki hjá stúdentaráði að aðaláhersla starfsemi ráðsins væri hagsmunabaráttu og hagsmunagæsla stúdenta. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Stúdentaráð vildi einnig endurvekja það mikla og öfluga félagslíf sem er eitt af einkennum SHA. Félagslífið hafði legið í dvala vegna kórónuveirunnar, en þó gat fyrrum stúdentaráð verið með flotta rafræna viðburði. Með nýjum og slakari takmörkunum frá ríkisstjórninni opnaðist gluggi fyrir SHA að halda staðbundna viðburði. Var það að veruleika og skólinn iðaði af lífi og hamingju mestmegnis af starfsári stúdentaráðs. Aðildafélög héldu frábæra viðburði og SHA skipulagði stóra viðburði sem voru vel sóttir.

Í byrjun haustmíssis kom upp sú staða að mötuneyti við Háskólans á Akureyri myndi breyta starfsemi sinni og væri einungis í boði fyrir starfsfólk skólans. Stúdentaráð beitti sér gegn þessari ákvörðun og í góðu samstarfi við stjórnendur háskólans var ákvörðunin dregin til baka. Stúdentaráð vinnur svo að könnun til þess að fá nánari sýn á hvað stúdentar vilji í mötuneyti háskólans. Stúdentaráð er afar ánægt með samráð við stjórnendur skólans og að fulltrúum stúdenta sé sýndur skilningur á hinum ýmsu vettvöngum innan skólans sem snúa að hagsmunagæslu stúdenta.

Líkt og síðustu þrjú starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadagar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.

Akureyri, 24.febrúar 2022

Skýrsla Framkvæmdastjórnar



Agnès Ögmundsdóttir, Nökkvi A.R. Jónsson og Særún Anna Brynjarsdóttir

Starfsemi framkvæmdastjórnar

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins. Hún samanstendur af formanni, varaformanni og fjármálastjóra SHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins, hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins án þess að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu SHA opinni fyrir stúdenta.

Framkvæmdastjórn starfsárið 2021-2022 skipa:

Formaður: Nökkvi A.R. Jónsson

Varaformaður: Agnes Ögmundsdóttir

Fjármálastjóri: Særún Anna Brynjarsdóttir

Pistill frá framkvæmdastjórn

Þegar ný framkvæmdastjórn tók við hófu þau vinnu við að skipuleggja starfsárið sem beið þeirra. Nýtekin framkvæmdastjórn hafði öll áður setið í stúdentaráði og hafði því mikla

reynslu á störfum innan skólans sem og SHA. Nökkvi formaður og Særún fjármálastjóri höfðu bæði verið formaður og forseti sinna aðildafélaga og Agnes varaformaður var formaður kynningarnefndar. Fyrsta verkefni framkvæmdastjórnar var að fara á Landsþing LÍS á Bifröst helgina 5-7. mars ásamt fráfarandi framkvæmdastjórn. Þingið var vel sótt af fulltrúum stúdenta úr flestum hagsmunasamtökum stúdenta á Íslandi og mikilvæg málefni voru rædd. Þema þingsins þetta árið var menntun á umrótatímum. Ný framkvæmdastjórn fékk það erfiða verkefni að ákvarða hvort að árshátíð SHA ætti að fara fram í mars.

Samkomutakmarkanir gerður erfitt fyrir svo að framkvæmdastjórn ákvað að fresta árshátíð fram í maí. Þegar maí mánuður rann í garð voru takmarkanir ennþá í strengri kantinum, þannig árshátíðinni var aflýst. SHA í samstarfi við Icelandic Startups og Eim héldu rafræna vísindaferð þann 9. apríl sem að bar þann tilgang að auglýsa eftir fulltrúum í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHA. Það gekk erfiðlega að fá einstaklinga til þess að bjóða sig fram í nefndina en vonumst til þess að nýrri framkvæmdastjórn gangi betur.

Í marsmánuði var stúdentum tilkynnt að lokaprófin myndu fara fram með eðlilegum hætti en þegar að styttist í lokapróf kom í ljós að mikill mismunur var á milli deilda varðandi framkæmd lokaprófanna. Flestar deildir ákváðu að hafa lokapróf með rafrænum hætti en samt sem áður voru nokkur lokapróf í fjöldamiklum námskeiðum haldin á staðnum. Stúdentaráð sendi frá sér bókun til rektors vegna mikilla óánægju meðal stúdenta. Hins vegar lentum við á vegg stjórnsýslunnar en þó náðum við að breyta hug nokkurra kennara.

Þar sem að stúdentahópur við Háskólann á Akureyri er gífurlega fjölbreyttur vildi framkvæmdastjórn leggja frekari áherslu á að halda fjölskuldavæna viðburði. Stúdentaráð fékk því til sín leikhópin Lottu til þess að halda leikrit í hátíðarsal HA 9. júní 2021. Einnig bauð stúdentaráð upp á pylsur og svala og var þessi viðburður vel sóttur af fjölskyldufólki. Útilega SHA er orðin að hefð. Hún var haldin í Hegrnesi helgina 16-18. júlí þar sem veðrið og góða skapið skipti sköpum. Ágúst trúbador mætti á föstudagskvöldinu og hélt uppi fjörinu fram eftir kvöldi. Vægar samkomutakmarkanir gerðu SHA kleift að halda skemmtilega útilegu og eðlilega nýnemaviku. Nýnemadagar HA voru haldnir 23–27. ágúst. Stúdentaráð SHA var með grill alla dagana í hádeginu fyrir nýnema og starsfólk til þess að bjóða þau velkomin í skólann. Föstudagurinn, 27. ágúst var Nýnemadagur SHA þar sem skemmtilegur ratleikur ásamt grilli var haldið upp í skóla og endaði dagurinn með góðu nýnemapartýi í Sjallanum. Eftir nýnemavikuna var stúdentaráð tilbúið að takast á við nýtt skólaár og var hinn árlegi vinnufundur haldinn þann 9. september. Á vinnufundinum var farið yfir stefnu félagsins og

starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum fulltrúum. Einnig áttu nokkrir aðilar innan háskólasamfélagsins erindi, þ.m.t. rektor, sviðsforseti hug- og félagsvísindaviðs og forseti LÍS. 2021 var ár Alþingiskosninga og því var stúdentum Háskólans á Akureyri boðið í vísindaferðir til fimm þingflokka fram að kosningum.

Sprellmót SHA sem er einn af stærstu viðburðum stúdentafélagsins fór fram föstudaginn, 17. september. Mætingin var frábær en 200 manns mættu og tóku þátt í fjörunu. Mikil eftirsókn var fyrir Sprellmótið og fylltist skráning á nokkrum klukkutímum. Dómarar voru, eins og áður starfsfólk skólans. SHA tók þátt í Opnu Dögum Háskólans á Akureyri 28-29. október en þar var framkvæmdastjórn með skemmtilegan bás þar sem við kynntum fyrir menntskælingum starfsemi stúdentafélagsins. Ásamt stóru viðburðum voru einnig haldnir aðeins minni viðburður, þ.m.t. Bjórbingó og Halloween ball á Vamos ásamt Hryllingsmyndakvöldi SHA í skólanum. Einnig kom lánsjóðsfulltrúi SHÍ til að ræða við stúdenta um ýmis mál og boðið var upp á vöflur með. Í byrjun nóvember fór Covid aftur á fullt flug og setti allt í lás. Viðburðir eins og Badminton mót, jólaball og próflokapartý SHA voru aflýstir vegna fjölda smita. Á Fullveldisdegi Ísland sem oft er kenndur við dag stúdenta er hefð fyrir því að hringja Íslandsklukkunni og SHA ákvað að bjóða upp á kakó og piparkökur. Haldið var í vonina að í janúar myndi smittölum fækka og við gætum haldið Stóru-Vísó en svo var ekki raunin.

Síðustu viðburðir fráfarandi stúdentaráðs voru Framadagar sem voru haldnir 10-11. febrúar á Zoom og voru þeir slaufaðir með bingói SHA sem að Hjálmar Örn og Eva Ruza stjórnðu. Framadagar SHA voru unnir í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HA (NSHA) og voru hugsaðir sem tækifæri til stúdenta til þess að öðlast frekari þekkingu á atvinnulífinu. Stúdentar sækja málstofur þar sem að stjórnendur fyrirtækja, t.d. forstjóri SAK kom og ræddi við þá. Einnig var NSHA með fyrirlestra um undirbúning fyrir starfsviðtöl og ferilskrágerð. Framkvæmdastjórn vonast til þess að Framadagar verði að árlegum viðburði og að þeir verði haldnir á staðnum. Þá var upprunalega áætlunin að hafa bása þar sem stúdentar gætu rætt við ýmis fyrirtæki.

Tilfallandi verkefni framkvæmdastjórnar voru m.a. að fá Reyni til þess að uppfæra rafræna stúdentakortið þar sem bætt var við viðburðardagatali og tilkynninga fítus. Nökkvi, formaður SHA bjó til handbók um kvörtunarferlið þar sem að stúdentar hafa kvartað undan því að erfitt sé að skilja skrefin sem þarf að taka til þess að kvarta. Einnig skrifaði hann tvo pistla yfir

árið, annar þeirra var um sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri og hinn var hugvekja í tilefni dags stúdenta. Beiðni barst í fræðslusjóð SHA á haustmisseri en þar sem að mikil óvissa hefur verið í kringum þennan tiltekna fræðslusjóð ákvað framkvæmdastjórn að búa til verklag sem var svo samþykkt á stúdentaráðsfundi. Fræðslusjóðurinn var því vakinn til lífs enn á ný og fyrsti fræðslustyrkurinn var veittur til Helgu Margrétar Jóhannesdóttur, meistaranema í hjúkrunarfræði. Úttektarnefnd Gæðaráðs háskólanna áttu að koma til Akureyrar í nóvember vegna stofnannaúttektarinnar en vegna Covid þurftu fundirnir að fara fram rafrænt. SHA tók að sjálfsögðu þátt í þessu og ræddi við nefndina hvað væri í gangi hjá stúdentum og hvernig við vinnum að því að bæta skólann og félagslífið. Framkvæmdastjórn vann einnig að því á árinu að senda út könnun til stúdenta til þess að fá frekari innsýn frá stúdentum hvernig mötuneytið nýtist þeim. Einnig voru nokkrar spurningar um líðan stúdenta. Svarhlutfallið var ekki gott en það var um 7%. Síðast en ekki síst er vert að minnast á það að varaformaður og fjármálastjóri eignuðust báðar börn á þessu kjörtímabili.

Við í framkvæmdastjórn erum afar þakklát fyrir það góða samstarf sem við höfum átt við stjórnendur skólans. Við höfum átt reglulega samráðsfundi með rektor sem hafa skilað góðum árangri. Það sem stendur upp úr þessu starfsári er samstaðan og sveigjanleikinn sem einkennir skólann. Fráfarandi framkvæmdastjórn vill þakka stúdentaráði, starfsfólki og stúdentum HA fyrir ógleymanlegt starfsár og óskar nýrri framkvæmdastjórn og stúdentaráði velfarnaðar í starfi.

Akureyri, 24. febrúar 2022

Nökkvi A. R. Jónsson, formaður SHA 2021-2022

Agnes Ögmundsdóttir, varaformaður SHA 2021-2022

Særún Anna Brynjarsdóttir, fjármálastjóri SHA 2021-2022

Aðalfundur 2022

Fundargerð

24. febrúar 2022 í Hátíðarsal og á Zoom

Fundarritari: Agnes Ögmundsdóttir, Sálfræðinemi

Fundarstjóri: Nökkvi A. R. Jónsson, Lögfræðinemi

Gestir fundarins: 20 félagsmenn mættir

1. Fundur settur

Nökkvi A. R. Jónsson formaður félagsins setur fundinn klukkan 17:03 flytur ávarp formanns. Hann þakkar sérstaklega framkvæmdastjórn, stúdentaráði og öllum þeim aðilum sem hafa lagt sig fram og veitt hjálparhönd á starfsárinu.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Nökkvi A. R. Jónsson, formaður félagsins tilnefnir sjálfa sig sem fundarstjóra fundarins, það er samþykkt. Nökkvi A. R. Jónsson tilnefnir Agnes Ögmundsdóttir, varaformann SHA sem fundarritara fundarins, það er samþykkt.

3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári

Nökkvi A. R. Jónsson formaður, SHA fer yfir ársskýrslu félagsins um störf framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs á liðnu starfsári. Nökkvi les hana upp en þar koma fram helstu atriði er varðar hagsmunabaráttu stúdenta á starfsárinu, telur upp þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir og hrósar og þakkar stúdentaráði og fulltrúum SHA í nefndum og ráðum HA fyrir vel unnin störf. Skýrslu stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar má lesa í heild sinni í Ársskýrslu SHA.

4. Skýrsla fjármálastjóra, ársreikningar bornir upp til samþykktar

Særún Anna Brynjarsdóttir fjármálastjóri SHA fer yfir ársreikninga félagsins. Starfsárið gekk vel og tekur ný framkvæmdastjórn við góðu búi. Hægt er að sjá ársreikning í ársskýrslu SHA. Að lokum þakkar hún fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Í lokin er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur einróma.

5. Samþykktabreytingar

Nökkvi A. R. Jónsson tekur við orðinu og fer yfir samþykktabreytingatillögur félagsins. Tíu samþykktarbreytingatillögur voru bornar upp til samþykktar.

Breytingatillögur:

1. **5. grein** – skipun stúdentaráðs SHA: Staða fjarnemafulltrúa SHA falli úr gildi vorið 2023. Samþykkt einróma.

2. **9. grein** - starhshættir framkvæmdastjórnar SHA: Fundarboð skuli ekki berast seinna en viku fyrir fund. Samþykkt einróma.
3. **23. grein** – boðun aðalfundar: Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert. Samþykkt einróma.
4. **29. grein** - framkvæmd kosninga: Kjörstjórn sér um að útbúa rafræna kosningu. Samþykkt einróma.
5. **30. grein:** Á aðalfundi eru að auki kosnir fulltrúar í eftirfarandi embætti: orðabreytingar, umhverfisráði. Samþykkt einróma.
6. **34. grein** – ýmis ákvæði: nú í staðinn fyrir ný. Samþykkt einróma.
7. Skipt samþykktum SHA upp í kafla. Samþykkt einróma.
8. **16. grein** - nýsköpunar og frumkvöðlanefnd: Ný fastanefnd, hægt að lesa allt um hana í 16 grein. Samþykkt einróma.
9. **22. grein** – aðild að aðildarfélagi: Hægt er að skrá sig úr aðildarfélagi en til þess að fara í nýtt aðildarfélag þarf að greiða 5000 kr. skráningargjald. Samþykkt einróma.
10. **32. grein** – Á aðalfundi eru að auki kosnir fulltrúar í eftirfarandi embætti: Siðanefnd tekin út. Samþykkt einróma.

Allar breytingartillögur voru samþykktar einróma. Loks eru samþykktirnar bornar upp til samþykktar í heild sinni og eru þær samþykktar einróma.

6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA

Nökkvi A. R. Jónsson fundarstjóri fer yfir framkvæmd kosninga. Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig ein fram í embætti formanns og telst því sjálfkjörin. Silja Rún Friðriskdóttir bauð sig einn fram í embætti varaformanns og telst því skjálfkjörin. Hermann Biering Ottósson bauð sig einn fram í embætti fjármálastjóra og telst því sjálfkjörinn. Sólveig Birna þakkaði fyrir traustið fyrir hönd og hlakkar til samstarfsins á komandi misserum fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

7. Kosningar í önnur embætti

Kristján Bjarki Gautason bauð sig einn fram í embætti formanns Alþjóðanefndar SHA og telst hann því sjálfkjörinn.

Sigurjón Þórssson bauð sig einn fram í embætti Fjarnemafulltrúa SHA og telst hann því sjálfkjörinn.

Alda Rut Sigurðardóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Kynningarnefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

Berglind Vala Valdimarsdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Viðburðarnefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir bauð sig ein fram í embætti aðalfulltrúa í Háskólaráð til tveggja ára og telst hún því sjálfkjörin. Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig fram sem varafulltrúi í Háskólaráði til eins árs og var það samþykkt einróma.

Sigurjón Þórsson bauð sig einn fram í stjórn FÉSTA til tveggja ára og telst hann því sjálfkjörinn. Alda Rut Sigurðardóttir bauð sig fram sem varafulltrúi í stjórn FÉSTA og var það samþykkt einróma. Vantar þá einn varafulltrúa og verður það borið upp síðar.

Sigurjón Þórsson bauð sig einn fram sem aðalfulltrúi í Gæðaráð Háskólans á Akureyri og telst hann því sjálfkjörinn. Sólveig Birna Elísabetardóttir og Alda Rut Sigurðardóttir buðu sig fram sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

Sigurjón Þórsson bauð sig einn fram sem skoðunarmaður reikninga Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og telst hann því sjálfkjörinn.

Sólveig Birna Elísabetardóttir og Silja Rún Friðrískdóttir buðu sig fram sem aðalfulltrúar í Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri. Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir og Alda Rut Sigurðardóttir buðu sig fram varafulltrúar. Samþykkt einróma.

Sigurjón Þórsson bauð sig fram aðalfulltrúi í Vísindaráð HA og Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir sem varafulltrúi. Samþykkt einróma.

Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig fram sem aðalfulltrúi í Kannanateymi Háskólans á Akureyri og Aðalheiður Kristjánsdóttir sem varafulltrúi. Samþykkt einróma.

Lena Dís Sesseljudóttir bauð sig fram sem aðalfulltrúi í Umhverfisráð Háskólans á Akureyri. Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur til vara í Umhverfisráð Háskólans á Akureyri. Verður það borið síðar.

Sólveig Birna Elísabetardóttir, Silja Rún Friðriksdóttir, Sigurjón Þórsson og Alda Rut Sigurðardóttir, Aðalheiður Kristjánsdóttir og Hörður Hlífarsson bjóða sig fram sem aðalfulltrúar á háskólafund Háskólans á Akureyri. Kristján Bjarki Gautason, Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir og Guðbjörg Aðalsteinsdóttir bjóða sig fram sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

8. Önnur mál

Enginn önnur mál voru á fundinum.

Fundi slitið: 18:12

Landssamtök íslenskra stúdenta

Sameinuð rödd stúdenta



Hvað er LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta, eða LÍS voru stofnuð í Háskólanum á Akureyri þann 3. nóvember árið 2013. LÍS eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍS eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélög sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍS eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi og um leið skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög. Samtökin skulu vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Þau hafa umboð til samningagerðar, framkomu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum fyrir hönd íslenskra stúdenta.

Í fulltrúaráði samtakanna sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi en á landsþingi tilnefnir hvert aðildarfélag einn fulltrúa til setu í tvö ár. Fulltrúaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan LÍS á milli landsþinga. Í framkvæmdastjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, fjármálastjóri, alþjóðaforseti, gæðastjóri, markaðsstjóri og jafnréttisfulltrúi sem kosnir eru í embætti á landsþingi. Framkvæmdastjórn sækir umboð sitt til fulltrúaráðs. Nökkvi A. R. Jónsson og Særún Anna Brynjarsdóttir eru aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍS fyrir hönd SHA og Agnes Ögmundsdóttir og Margrét Sól Jónasdóttir eru varamenn.

Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna en það er haldið á hverju ári. Þar hittast öll aðildarfélög LÍS og kjósa um helstu málefni samtakanna. Einnig er unnin bæði innri og ytri stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjórn og nefndir LÍS.

Verkefni LÍS

Samtökin halda utan um verkefni af ýmsum toga en helst mætti nefna skipulagningu ýmissa málþinga og viðburða tengdum málefnum stúdenta, þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa stúdenta í ýmsar nefndir. Í gegnum þessi verkefni gegna LÍS einnig mikilvægu hlutverki þar sem samtökin vinna að því að stúdentar njóti jafnréttis og að raddir allra hópa innan háskólasamfélagsins heyrir. Þá eru LÍS aðildarfélag að European Students' Union (ESU) sem eru regnhlífarsamtök fyrir landssamtök stúdenta í Evrópu. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar sækji ráðstefnur og þing sem haldin eru í Evrópu. LÍS taka þátt í samstarfi NOM sem er bandalag landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Stefnumótun

LÍS hefur lagt ríka áherslu á að samtökin séu byggð á sterkum stöðum og er stefnumótun lykilhlutverk í því ferli. Hingað til hafa samtökin nýtt landsþing LÍS sem vettvang til að heyra sem flestar raddir íslenskra stúdenta og fengið til liðs við sig fagfólk við frekari stefnumótun út frá því. Þema landsþings árið 2016 var nýsköpun og rannsóknir. Á landsþingi 2017 var þemað gæðamál og var yfirskrift þingsins „Hvers virði er mín menntun? Efling stúdenta í gæðamálum“. Á landsþingi 2018 var þemað „Jafnrétti til náms“ og á starfsárinu, í kjölfar þingsins var unnið að jafnréttisstefnu samtakanna sem lögð var fyrir landsþing 2019 og samþykkt þar. Þema landsþingsins árið 2019 var „Sjálfbærni og háskólasamfélagið“. Þema landsþings 2020 var „Velferðarmál og nærumhverfi stúdenta“ en þingið var haldið helgina 6. til 8. mars á Akureyri. Þema landsþings 2021 var „Menntun á umrótartímum“ en þingið var haldið á Bifröst. Næsta þing verður haldið á Hólum í Hjaltadal og er yfirskrift þess „Nýsköpun og rannsóknir“.

Samstarfsvettvangur

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LÍS er að skapa virkan samstarfsvettvang meðal aðildarfélaga sinna. Til þess að fullnægja því hlutverki skipuleggur LÍS viðburði og fundi með það að markmiði að samræma starf íslenskra hagsmunasamtaka. Þetta hlutverk er breytilegt eftir því hvað er í gangi í samfélaginu hverju sinni og stundar því LÍS stöðuga endurskoðun og aðlögun.

Stuðningur við aðildarfélög

Í gegnum þann samráðs- og samskiptavettvang sem LÍS skapar fá aðildarfélögin tækifæri til að læra af og hjálpa hvoru öðru. Á landsþingi LÍS 2020 fékk SHA stuðningyfirlýsingu frá LÍS og aðildafélögum varðandi ákall SHA til stjórnvalda vegna fjármögnunnar Háskólans á Akureyri. HA hefur stækkað mikið frá því að fjárlög til háskóla á Íslandi voru fryst fyrir nokkrum árum þvert á þróun í öðrum skólum landsins. Aðgangstakmarkanir hafa verið nýttar til þess að geta tryggt gæði náms þrátt fyrir að fjármagn hafi ekki aukist í takt við fjölda nemenda. Vegna aðgangstakmarkana hefur HA lægsta samþykktarhlutfall allra háskóla landsins.

Það helsta á árinu

Fulltrúaráð funduðu mánaðarlega með framkvæmdastjórn LÍS þar sem að ýmis málefni voru rædd en Covid spilaði mikið í reikninginn með málefni. Á bæði vor- og haustmisseri 2021 var mikið rætt um mismun á framkvæmdum lokaprófa í háskólunum á landinu.

Verkefni SHA vegna LÍS

Á starfsárinu var lögð áhersla á virka og öfluga þátttöku SHA í LÍS. Fulltrúar okkar hafa því sótt reglulega fulltrúaráðsfundi á vegum samtakanna, mætt á þá undirbúnir og tekið virkan og góðan þátt í starfi á fundum. Það stóð ekki mikið upp úr á þessu starfsári hjá LÍS og var SHA ásamt öðrum aðildarfélögum ósátt með gang mála.

Skýrslur fastanefnda SHA

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri starfræktar fastanefndir. Þær starfa eftir verklagsreglum, samþykktum af stúdentaráði SHA og eiga formenn fastanefnda sæti í stúdentaráði.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur við Háskólann á Akureyri og vinnur náið með verkefnastjóra alþjóðasviðs háskólans, Rúnari Gunnarssyni. Í alþjóðanefnd sitja formaður sem kosinn er á aðalfundi SHA til eins árs í senn ásamt fulltrúum úr hverju undirfélagi, einn fulltrúi úr hverju félagi, sem kosnir eru á aðalfundum félaganna til eins árs í senn. Alþjóðanefnd starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði ár hvert.

Alþjóðanefnd 2021-2022

Margrét Sól Jónasdóttir, formaður

Fríða Freydís Prastardóttir, fulltrúi Reka

Harpa Lía Þorvaldsdóttir, fulltrúi Kumpána

Sigrún Dóra Halldórsdóttir, fulltrúi Þemis

Jóhanna Þorgils, fulltrúi Stafnbúa mars-ágúst

Kristján Birkisson, fulltrúi Stafnbúa ágúst-febrúar

Erla Jónatansdóttir, fulltrúi Magister

Pistill frá Alþjóðanefnd

Enn eitt Covid starfsár að líða og því voru færri viðburðir en áætlað var. Við gerðum þó það besta úr því og náðum að halda uppi góðri stemningu hjá skiptinemunum.

Þann 1. september var haldinn hittingur á Ölstofunni og var mætingin frábær. Okkur tókst að tengjast skiptinemunum afar vel og stemningin var góð.

Seinna í mánuðinum, þann 15. september, ákvað nefndin að halda pizzakvöld á Borgum til þess að kynna öll aðildarfélögin og einnig til þess að hvetja skiptinamana að mæta á

Sprellmótið. Viðtökurnar voru betri en við bjuggumst við og mættu um það bil 15 skiptinemar á Sprellmótið og skemmtu sér mjög vel!

Þann 9. október var haldið af stað í vísindaferð í Kalda Brugghús þar sem skiptinemarnir fengu enska kynningu á allri starfsemi brugghússins og fóru síðan út að borða á veitingastaðnum í næsta húsi. Ferðin heppnaðist vel og skiptinemarnir voru mjög ánægðir.

Í nóvember skall allt í lás aftur vegna Covid og gat nefndin ekki haldið viðburð og því ákvað nefndin í sameiningu við framkvæmdastjórn SHA að styrkja skiptinemana um 50.000 svo þau gætu haldið viðburð á eigin vegum. Við leigðum Borgir fyrir þann viðburð og sáum til þess að skiptinemarnir fylgdu sóttvarnarreglum og að allir mættu í hraðpróf fyrir viðburðinn. Skiptinemarnir voru afar þakklátir og skemmtu sér æðislega vel!

Fráfarandi nefnd er ánægð með starfsárið og tengslin sem mynduðust á milli nefndar og skiptinemana. Hver einasti viðburður heppnaðist vel og fékk góðar undirtektir, enda vorum við með frábæran hóp af skiptinimum sem héldu uppi stemningunni með jákvæðni og gleði. Vináttubönd mynduðust og mikill lærdómur átti sér stað og gengur nefndin sátt frá borði eftir viðburðaríkt starfsár.

Akureyri, 11. febrúar 2022

Margrét Sól Jónasdóttir

Formaður Alþjóðanefndar 2021-2022

Kynninganefnd

Kynninganefnd 2021-2022

Kynninganefnd SHA tekur þátt í að kynna háskólann og þær námsleiðir sem háskólinn býður upp á. Kynninganefndin er í nánú samstarfi með Markaðs- og kynningarsviði háskólans. Í nefndinni sitja níu aðilar: formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur.

Kynninganefnd 2021-2022

Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir, formaður

Aldís Lilja Sigurðardóttir, fulltrúi Stafnbúa

Elín Friðbjarnardóttir, fulltrúi Magister

Ingibjörg Ósk Ingvars, fulltrúi Eirar

Margrét Sól Jónasdóttir, fulltrúi Data

Rúnar Freyr Júlíusson, fulltrúi Kumpána

Þorsteinn Ingi Stefánsson, fulltrúi Þemis

Pistill frá formanni kynninganefndar

Kynningarstarfið felur í sér að kynna háskólann og þær námsleiðir sem í boði eru. Mikilvægt er að kynna félagslífið og gera skólann aðlaðandi kost fyrir þá sem huga að háskólanámi. Markaðs- og kynningarnefnd heldur utan um starfið í góðri samvinnu við fulltrúa kynninganefndar. Aðal viðburðir skólaársins eru *Opnir dagar* og *Stóri háskóladagurinn*. Einnig er mikilvægur partur af starfinu að halda kynningar fyrir framhaldsskólana, sem fór rafrænt fram þetta árið.

Opnir dagar fóru fram 28. og 29. október og var skipulag þeirra að miklu leyti í höndum stúdenta. Þar voru allar námsleiðir kynntar fyrir framhaldsskólanemum og var megin markmið daganna að kynna skólann á lifandi og skemmtilegan hátt. Hver deild sá um að útbúa bás þar sem stúdentar stóðu vaktina. Keppni var á milli deilda um flottasta básinn og bar Sálfræðideildin þar sigur af hólmi, en stúdentar lögðu mikinn metnað í básana og þar var ýmislegt hægt að smakka og prófa. Þá voru gönguferðir um háskólann og svæðið kynnt vel. Skemmtileg umfjöllun var á sjónvarpsstöðinni N4 í þættinum „Að norðan“, en þar var til að mynda sýnt frá básum og tekið viðtal við stúdentu, formann kynningarnefndar og þá framhaldsskólanemendur sem kynntu sér námið.

Stóri háskóladagurinn verður haldinn rafrænt 26. febrúar og verður spennandi að sjá hvernig til tekst með þá útfærslu. Tækninni og þekkingu okkar á henni hefur fleygt mikið fram síðan í upphafi faraldurs og ætti því að ganga smurt að halda viðburðinn í gegnum netheima.

Það sem viðburðirnir eiga sameiginlegt, er að gefa tilvonandi háskólanemum tækifæri á að spyrja spurninga um nám, félagslíf og námsaðstöðu. Líklega eru engir betur til þess fallnir að svara þessum spurningum en stúdentar innan skólans. Áhersla er lögð á að svara spurningum, fræða á jafningjagrundvelli og draga fram spurningar og fá af stað samtal.

Vert er að nefna að verkefnið *HA-vinur* hélt áfram. Það voru ekki margir sem nýttu sér þá þjónustu en þeir sem fengu samtal við stúdenta lýstu einróma yfir ánægju sinni. Þessi þjónusta er tiltölulega ný af nálinni og ólík því sem hefur verið í boði af hálfu háskólans. Því er ekki óeðlilegt að það taki nokkur ár að byggja hana upp svo fólk geri sér grein fyrir hvað hún feli í sér og að hún sé yfirhöfuð í boði.

Skólaárið hefur verið bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Það hefur verið gaman að fylgjast með stúdentum kynna námið af innlifun og taka þátt í að gera Háskólann á Akureyri að spennandi valkosti fyrir nemendur framtíðarinnar.

Akureyri, 10. febrúar 2022
Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir
Formaður kynninganefndar 2021-2022

Viðburðarnefnd

Viðburðarnefnd Háskólans á Akureyri sér um utanumhald og framkvæmd viðburða fyrir hönd stúdentafélags háskólans. Viðburðarnefnd starfar náið með framkvæmdastjórn SHA, og fær þaðan leiðsögn og álit varðandi viðburði. Að vana sitja 8 nemendur í Viðburðarnefnd, formaður nefndarinnar sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur. Þetta árið tókst að manna í allar stöður og var því nefndin full setin allt starfsárið. Á fyrri árum hefur vaninn verið sá að Viðburðarnefndin haldi 3 stóra megin viðburði: Sprellmótið sem haldið er í september, Stóru-Vísó í janúar/febrúar og Árshátíð HA í mars.

Viðburðarnefnd 2021-2022

Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir, formaður
Ragnar Smári Ómarsson, fulltrúi Data
Berglind Vala Valdimarsdóttir, fulltrúi Magister
Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Þemis
Gabríela Auður Hákonardóttir, fulltrúi Eir
Silja Rún Friðriksdóttir, fulltrúi Kumpána
Lína Petra Bjarnadóttir, fulltrúi Reka
Kristín Halldóra Atladóttir, fulltrúi Stafnbúa

Pistill frá formanni Viðburðarnefndar

Þetta ár tók svip sinn að mörgu leiti frá síðasta starfsári SHA. Covid-19 setti svip sinn á viðburði og skólaárið í heild sinni. Frá fyrsta skóladegi ríkti yfir mikil óvissa hvernig færi með viðburði skólaársins og hvort nemendur háskólans fengju yfir höfuð að hittast á viðburðum og skemmtunum skólans. Veiran var í miklum vexti og réði ríkjum í byrjun árs 2021, sem varð til þess að Árshátíð HA 2021 var „slaufað“ af til þess að gæta að sóttvörnum og heilsu nemenda. Kennsla nemenda fór fram í gegnum Zoom, mörg hver lokaprófin fóru fram með rafrænum hætti og fólk hvatt til þess að halda sig heima eins og hægt væri.

Nýskipuð nefnd fóru þó með bjartsýnum hug inn í sumarfríð og fór að skipuleggja fyrsta viðburð nýrrar nefndar sem var útilega SHA. Til að auka aðsókn og spennu fyrir útilegunni fór nefndin af stað í söfnun vinninga frá fyrirtækjum og í samstarfi við stjórn SHA héldum við Instagram gjafaleik þann 6. júlí, þar sem nemendur gátu unnið kælibox, áfengi, kubbspil og tjaldstóla. Útilegan fór fram helgina 16. -18. júlí á Hegranesi í Skagafirði og var

hún vel sótt af nemendum. SHA leigði tjaldsvæðið þá helgi og vorum við því einu gestir svæðisins. Það gerði okkur m.a. kleift að gæta að sóttvörnum og fjöldatakmörkunum, sem og, vera með gleði og ærslagang að vild. Nemendum var frjálst að mæta á föstudegi þó dagskrá útilegunnar hæfist ekki fyrr en á laugardegi. Á föstudeginum voru flestir að mæta á svæðið og koma sér fyrir áður en skemmtun um kvöldið hófst. Þar sem meðal annars var haldið kubb mót og farið í kíló. Nemendur skemmtu sér konunglega langt fram á nótt. Á laugardeginum fóru nemendur saman að borða og svo í sund í Varmahlíð til þess að hressa sig við og koma sér í gírinn fyrir kvöldið. Á laugardagskvöldinu stóð SHA svo fyrir grilli þar sem grillaðir voru hamborgarar fyrir alla sem vildu og seinna um kvöldið var haldið Flonky mót, nemendum til mikillar gleði. Eftir mótið tók við almenn skemmtun fram á rauða nótt. Á sunnudeginum fóru nemendur svo að týnast af svæðinu einn af öðrum eftir vel heppnaða og viðburðaríka útilegu.

Nýnemadagur var haldinn á föstudeginum nýnemavikunar. Covid var í gangi á þessum tíma og ákveðið var að halda ratleik fyrir nýnema þannig að fólk myndi ekki hópast saman og haldið yrði 2m reglan. Stöðvar voru hafðar vísvegar um svæði skólans þannig að fólk fengi að kynnst því. Fyrir leik var fólki skipt í lið og síðan fór fólk að stað. Gert var QR kóða með svæði skólans þar sem stöðvarnar voru og stigablað. Á stöðvunum þurftu fólk að leysa ýmsar þrautir til að fá stig og einnig voru aukaþrautir sem hægt var að fá stig fyrir. Hafði fólk 1 og ½ klst til að leysa þrautir en eftir ratleikinn var grillað pylsur hjá Skate-parkinu sem er rétt hjá háskólanum fyrir svöngu nýnemana. Var þetta vel heppnaður ratleikur og nýnemar afar ánægðir með daginn. Um kvöldið var síðan haldið nýnema djamm á Sjallanum en var það framkvæmdastjórn sem sá aðallega um að plana það. (Það var reddað vinningum fyrir hópinn sem safnaði flestum stigum en fór hópaskiptingin eitthvað vitlaust fram þannig engir vinningar voru veittir um á Sjallanum)

Sprellmótið var haldið þann 17. september síðast liðinn. Skipulag gekk vel og gekk mótið nokkuð hikstalaust fyrir sig. Mættum fyrir hádegi áður en sprellmótið hófst til þess að undirbúa svæðið, gerðum velli fyrir þrautirnar frammi og lögðum ruslapoka yfir sviðið. Síðan var ferðinni heitið á Ráðhústorgið. Þar fóru ýmsar þrautir fram og gekk það vel. Þegar þrautirnar voru búnar á Ráðhústorgi fóru allir í rútum upp í háskóla. Þegar allir voru komnir upp í háskóla þá byrjuðu þrautirnar sem voru á dagskrá upp í skóla. Gengu þær mjög vel og uppi stóð Magister sem sigurvegari sprellmótsins 2021. Nokkrir úr viðburðanefnd hjálpuðu til við þrífín eftir sprellmótið og tóku síðan konur við frá skólanum og kláruðu að þrifa.

Halloween ball SHA var haldið á Vamos þann 29. október 2021 þar sem samkomutakmarkanir voru orðnar töluvert rýmri. Viðburðarnefnd lagði mikinn metnað í

undirbúning og skreytingar til þess að gera staðinn sem óhugnalegastan auk þess sem nemendur voru hvattir til þess að mæta í búningum. Mæting á ballið var mjög góð og skemmtu gestir sér fram á kvöld, eins lengi og mátti. Ágúst Þór kom og hélt uppi stuðinu auk þess sem SHA stóð fyrir búningakeppni þar sem veitt voru verðlaun fyrir besta einstaklingsbúninginn annars vegar og besta para búninginn hins vegar. Fengum við starfsfólk Vamos til þess að aðstoða okkur við að velja sigurvegara þar sem margir gesta höfðu lagt gríðarlegan metnað í búninginn og því erfitt að skera úr um sigurvegara.

Í lok nóvember hóf nefndin að skoða plön og skipulagningu Stóru vísindaferðarinnar sem fara átti í lok janúar. Covid smitum fór að fjölga ört og hver metdagurinn sló út þann sem á undan var fljótlega eftir áramót. Aðildarfélög voru mörg hver í miklum vandræðum með að finna fyrirtæki sem vildu taka á móti þeim. Vegna veirufjandans. Tekin var sú ákvörðun að hætt skyldi við Stóru-Vísó og því af bókuð öll sú þjónusta sem búið var að undirbúa, svo sem rútur frá SBA og hótélherbergi á Hótel Cabin. Þá í beinu framhaldi í nóvember hófst skipulagning árshátíðarinnar að hluta til, ákveða þurfti þema árshátíðarinnar sem og veislustjóra, hljómsveit og veitingar. Viðburðarnefnd lagðist af fullum þunga í byrjun árs (janúar/febrúar) að hefja undirbúning og skipulagningu ársátíðar HA 2022 sem stendur til að halda þann 12. mars næstkomandi þar sem öllu verður tjaldað til. Árshátíð HA hefur ekki verið haldin undanfarin tvö ár og margir nemendur skólans aldrei upplifað árshátíð HA, svo nú má ekkert klikka.

Framadagar voru haldnir á vegum SHA nú 10-11. febrúar og kvöldið 11. Febrúar var haldið Bingó á vegum SHA. Viðburðarnefndin aðstoðaði SHA með vinninga fyrir framadagabingó. Enn þá voru til tvö gjafabréf frá Vök sem við létum formann fá sem og eitt gjafabréf frá matarkjallaranum.

Að sjálfsögðu hefðum við viljað gera enn meira úr skólaárinu, en þar sem Covid herjaði á landið af og til þurftum við oft að lúta í lægra haldi fyrir veirunni. Nú þegar talið er að Covid faraldri hérlendis sé að ljúka er um að gera að líta bjartsýn í átt til hækkandi sólar og vona að næsta skólaár verði enn viðburðaríkara.

Akureyri, 11. Febrúar 2022

Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir

Formaður Viðburðarnefndar 2021-2022

Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri



Í Háskólanum á Akureyri eru starfandi hinar ýmsu nefndir og ráð. Stúdentar eiga sæti í þeim flestum og leggur háskólinn upp úr virkri þátttöku stúdenta. Stúdentum gefst tækifæri á að eiga raunverulega rödd innan veggja háskólans þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi hin ýmsu mál. Það er því mikilvægt að stúdentar séu virkir í nefndum og ráðum háskólans en það er ekki sjálfsagt að rödd stúdenta sé metin með þeim hætti. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn SHA lagt upp úr virkri þátttöku fulltrúa sinna í nefndum og ráðum skólans. Mæting, þátttaka og virkni þeirra á fundi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir stúdenta háskólans og eiga fulltrúar nemenda að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í sínum störfum. Mikilvægt er að haldinn sé vinnufundur í upphafi starfsárs í samráði við Gæðastjóra HA, þar sem fulltrúar fá kynningu frá nefndum og ráðum háskólans og geti þannig sett sig inn í þau verkefni og störf sem fram undan eru.

Háskólaráð

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri starfsárið 2021-2022 eru Nökkvi Alexander Rounak Jónsson aðalfulltrúi og Aðalheiður Kristjánsdóttir varafultrúi. Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og sinnir yfirumsjón almennra málefna háskólans og markar honum heildarstefnu. Háskólaráð sinnir almennu eftirliti með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að Háskólinn á Akureyri starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Í brennidepli háskólaráðs er ávallt lögð áhersla á gagnvirka samvinnu milli fræðasviða, stefnumótun háskólans í einstökum málefnum og samskipti við aðra háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulífið.

Háskólaráð 2021-2022

Eyjólfur Guðmundsson, rektor háskólans, formaður.

Karl Frímansson, sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar, fulltrúi menntamálaráðherra

Guðmundur Ævar Oddsson, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson stúdent, fulltrúi stúdenta.

Katrín Björg Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi háskólaráðs.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa, fulltrúi háskólaráðs.

Til vara

Sunna Hlín Jóhannesdóttir kennari, fulltrúi menntamálaráðherra.

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Hjördís Sigursteinsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Aðalheiður Kristjánsdóttir stúdent, fulltrúi stúdenta.

Bjarni Jónasson fyrrum forstjóri SAk, fulltrúi háskólaráðs.

Pistill frá fulltrúa stúdenta í háskólaráði

Háskólaráð starfar eftir lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, setur skólanum reglur og hefur eftirlit með þeim reglum. Stúdentar eiga eitt sæti í háskólaráði sakvæmt lögum um opinbera háskóla sem reiknast út frá fjölda nemenda hvers háskóla. Það er því gríðarlega mikilvægt að fulltrúi stúdenta í háskólaráði sinni starfi sínu af samviskusemi, dugnaði og kjarki. Rödd og afstaða stúdenta er gríðarlega mikilvæg á fundum yfirstjórnar háskólans þar sem hagsmunir stúdenta eru oftast en ekki til umræðu. Sérstaklega er það mikilvægt þegar fjallað er um hugsanlegar aðgangstakmarkanir í háskólann, fækkun námsbrauta eða jafnvel fjölgun námsleiða.

Háskólaráð fundar reglulega, einu sinni í mánuði og eru þau málefni sem tekin eru fyrir á hverjum fundi afar fjölbreytt. Þá eru gjarnan mjög skemmtileg og áhugaverð mál á dagskrá. Þar sem fulltrúi stúdenta talar fyrir heildina og er rödd allra stúdenta háskólans er mikilvægt að hann sé í lifandi og virkum tengslum við fulltrúa stúdenta á deildar-, deildarráðs- og sviðsfundum en alla jafna eru þeir fulltrúar formenn aðildarfélaganna SHA og sitja í stúdentaráði. Það hefur því mikla þýðingu að sú samþykktabreyting hafi verið samþykkt á aðalfundi SHA árið 2019 að fulltrúi stúdenta í háskólaráði eigi sæti í stúdentaráði því þannig er hægt að tryggja upplýsingaflæði, bæði til háskólaráðs og frá háskólaráði.

Eftir að ég tók við stöðu fulltrúa stúdenta í háskólaráði hef ég lagt áherslu á að vera samviskusamur og gagnsær í allri ákvarðanatöku. Ég hef mætt á flest alla fundi háskólaráðs en nokkrum sinnum þurfti varafulltrúi að stíga inní. Fyrir komandi fulltrúa stúdentaráðs er afar mikilvægt að vera vel undirbúinn fyrir þessa fundi, lesa öll fundargögn og kynna sér málefni sem eiga sér stað hverju sinni í samfélaginu en oft á tíðum koma upp mál sem ekki liggja fyrir fundum. Ég, sitjandi í framkvæmdastjórn hef nýtt stöðu mína að auka upplýsingaflæðis til stúdentaráðs.

Á mínu seinna starfsári í Háskólaráði voru nokkur stór verkefni sem tóku stóran sess í vinnu ráðsins. Má þar nefna stofnanaúttektina sem átti sér stað á haustmisseri 2021 og svo breytingar á reglum háskólans. Sú vinna var löng og voru fundir ófáu sinnum líflegir yfir hinum og þessum atriðum tengd reglunum. Tók það tvo fundi að samþykkja drög að reglunum sem var gert 11. janúar 2022. Nýr fulltrúi mun því bíða afar áhugavert og skemmtilegt verkefni þegar nýjar reglur verða teknar í gildi.

Eins og mörgum er ljóst voru alþingiskosningar í haust. Þetta þýddi að nýr menntamálaráðherra myndi taka við og ný fjárlög. Þar sem háskólinn er opinber stofnun fær hann fjármagn sitt frá ríkinu. Var það því afar áhugavert að sjá hvernig fjármagninu yrði háttáð þar sem undanfarin ár hefur HA verið í mikilli siglingu og oft á tíðum ekki getað höndlað þann fjölda stúdenta sem sækja um nám við skólann. Lítið hefur breyst en þó einhver hækkun og verður það í höndum nýs fulltrúa að hvetja ráðið að ýta á eftir ráðuneytinu um frekari hækkanir ef sú fjöldaaukning eykst svo ekki þurfi að grípa til takmarkana.

Covid-19 hefur ekkert gefið eftir og sett sitt mark á skólaárið. Nokkur mál komu upp í kjölfar lokaprófa á vormisseri og haustmisseri 2021, þar sem mikil óánægja var meðal stúdenta um framkvæmd á lokaprófum. Stúdentaráð setti pressu á þær deildir þar sem mest óánægja var og reyndi hvað best að breyta hug kennara. Gekk það eftir í flestum tilfellum og var það oft á tíðum tímabundum reglubreytingum sem háskólaráð setti t.d. fyrir breytingum á námsmati og námskeiðsáætlunum sem ruddi veginn að breytingum hjá kennurum.

Ég hef setið seinustu tvö ár í háskólaráði og fer frá borði kampakátur og reynslunni ríkari. Þetta er krefjandi starf og mikilvægt að geta litið á öll málefni sem koma að borði með gagnrýnni hugsun. Það sé margt sem þurfi að gerast á bakvið tjöldin svo ákveðin mál gangi upp og hefur þessi seta hjálpað mér að skilja stjórnýsluna í háskólum.

Ég hvet alla áhugasama stúdenta til þess að lesa fundargerðir háskólaráðs sem allar eru aðgengilegar á ytri vef Háskólans á Akureyri.

Akureyri, 24. febrúar 2022

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri.

Gæðaráð

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en þar eiga sæti gæða- og mannauðsstjóri sem er í forsæti, fulltrúar, tveir fulltrúar frá háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta. Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð skal jafnframt vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans og vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál hans. Ráðið skal stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati, sem og að samþykkja, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum. Gæðaráð skal vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum. Ráðið skal taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans sem og að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni með gæðamálum. Á aðalfundi SHA er vant að skipa í stöðu fulltrúa stúdenta í gæðaráði til tveggja ára en á aðalfundi SHA 2021 barst ekkert framboð. Seinna barst framboð frá Dagmar Ólínu Gunnlaugsdóttur. Dagmar var því kosin sem fulltrúi stúdenta í gæðaráði til tveggja ára af stúdentaráði á 77. fundi stúdentaráðs þann 6. apríl 2021, enginn mótframboð bárust.

Gæðaráð veturinn 2021-2022

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, formaður gæðaráðs

Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, fulltrúi stúdenta

Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta

Stefán Jóhannsson, fulltrúi háskólaskrifstofu

Páll Björnsson, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Bergljót Borg, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Kristinn P. Magnússon, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Auðbjörg Björnsdóttir, fulltrúi háskólaskrifstofu

Lísbet Hannesdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála, ritari gæðaráðs

Pistill frá fulltrúa stúdenta í gæðaráði

Fulltrúar stúdenta í gæðaráði unnu að því, ásamt gæðaráði að semja gæðastefnu Háskólans á Akureyri. Þar var gömul útgáfa uppfærð með gæði og umbætur að leiðarljósi. Einnig tóku

fulltrúar stóran þátt í þróun á samtalsmiðaða námskeiðsmatinu sem er nýtt form af námskeiðsmati, og funduðu reglulega með gæða- og mannauðsteymi Háskólans til að ræða framkvæmd og þróun þess. Ráðið fundaði mánaðarlega, en vegna Covid-19 þurfti það oft að funda í gegnum Teams. Í nóvember 2021 fór fram stofnanaúttekt hjá Háskólanum á Akureyri og tóku fulltrúar stúdenta í gæðaráði virkan þátt í því. Vegna Covid-19 gat úttektarnefndin ekki mætt og var því úttektin á stafrænu formi í staðin. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði mættu því á fundi í gegnum Zoom með erlendri úttektarnefnd og svöruðu spurningum varðandi gæðamál skólans sem og þeirra starf innan ráðsins. Þetta skólaár er búið að vera mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Það eru spennandi tímar frammundan með áframhaldandi þróun á samtalsmiðaða námskeiðsmatinu og umbótum á gæðastefnu Háskólans.

*Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir,
fulltrúi stúdenta í gæðaráði Háskólans á Akureyri*

Siðanefnd

Hlutverk siðanefndar Háskólans á Akureyri er að skera úr um hvort að siðareglur skólans hafi verið brotnar, sé ágreiningur þar um. Siðanefnd er skipuð samkvæmt reglum nr. 546/2009. Á háskólaráðsfundi 25. júní 2020 voru samþykktar breytingar í 2. gr. starfsreglnanna sem segir m.a. að þegar um ræðir erindi sem snertir nemendur skuli kalla til tvo fulltrúa sem stúdentaráð SHA tilnefnir, sem þýðir að nemendafulltrúar eiga ekki fast sæti í siðanefnd. Það er í höndum SHA að ákveða hvaða nemendur kallaðir verði til og ekki þarf alltaf að vera um sömu nemendur að ræða. Þessum skilaboðum hef ég einnig komið til formanns SHA. Í gildandi reglum eru ritstuldarmál í höndum siðanefndar, en til skoðunar er að færa þau mál frá siðanefnd til fræðasviðanna. Ef sú leið verður farin munu þær breytingar taka gildi í fyrsta lagi á næsta skólaári.

Það sem af er þessu skólaári hafa ekki komin nein mál til kasta siðanefndar sem hafa kallað á að nefndin komi saman til formlegs fundar.

*Sólveig Birna Elísabetardóttir,
nemi við kennaradeild var fulltrúi stúdenta.*

Jafnréttisráð

Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri hefur frumkvæði og eftirlit með áætlun háskólans um jafna stöðu kynjanna sé framfylgt, í samráði við framkvæmdastjórn. Starfsmaður jafnréttisráðs er Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur hjá RHA.

Aðalfulltrúar 2021-2022

Sólveig Elín Þórhallsdóttir verkefnastjóri á hug- og félagsvísindasviði, formaður

Árný Þóra Ármanns námsráðgjafi, tilnefnd af Háskólaskrifstofu

Finnbogi Rútur Þormóðsson prófessor emeritus, tilnefndur af heilbrigðisvísindasviði

Finnur Friðriksson dósent, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði

Stefán Sigurðsson lektor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði

Erla Salome Ólafsdóttir stúdent, fulltrúi stúdenta

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson stúdent, fulltrúi stúdenta

Til vara:

Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi, varafulltrúi háskólaskrifstofu/skrifstofu rektors

Nanna Ýr Arnardóttir, varafulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Júlí Ósk Antonsdóttir aðjúnt, varafulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir aðjúnt, varafulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Agnes Ögmundsdóttir stúdent, varafulltrúi stúdenta

Særún Anna Brynjarsdóttir stúdent, varafulltrúi stúdenta

Pistill frá fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði

Mikil velta hefur verið á fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði þetta starfsár. Léleg mæting fyrrum fulltrúa olli því að þeim var skipt út og Erla Salome Ólafsdóttir hjúkrunafræðinemi tók við í október og Nökkvi A.R. Jónsson laganemi tók við þegar það kom að aðalverkefni Jafnréttisráðs sem voru Jafnréttisdagar þetta árið. Jafnréttisdagar voru haldnir 14. – 18. febrúar síðastliðinn í öllum háskólum á landinu, þar áttu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og gekk þetta almennt vel þótt svo að Covid hafi sett ákveðið strik í reikninginn. Flestir viðburðir voru þess vegna starfrænir. Alls voru 7 viðburði sem HA hafði aðild að og heppnuðust þeir mjög vel. SHA fékk Þorstein V. Einarsson sem heldur úti Instagram reikning og hlaðvarpinu Karlmenntan til þess að halda fyrirlestur um sitt starf og var sá viðburður opinn öllum. Einnig átti Nökkvi að taka þátt í pallborðsumræðum en vegna veikinda kom í hans stað Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir, formaður kynningarnefndar SHA og stóð sig með þryði.

Vegna þeirra miklu veltu voru störf stúdenta í jafnréttisráði fá, en markmið ráðsins er að hafa frumkvæði og eftirlit með áætlun háskólans um jafna stöðu kynjanna sé framfylgt, í samráði við framkvæmdastjórn. Í jafnréttisráði er einn starfsmaður, hann Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur hjá RHA.

Það er mikilvægt að fulltrúar séu virkir á fundum í ráðum og nefndum innan skólans og hefur það vakið mikinn óhug að þetta mikilvæga ráð hafi haft svo mikla veltu á þessu starfsári af hálfu stúdenta. Fráfarandi fulltrúar vilja hvetja nýja framkvæmdastjórn að huga vel að ráðningu í þetta ráð og að virkni verði frábær á komandi starfsári.

Akureyri, 24. febrúar 2022

Erla Salome Ólafsdóttir

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

Fulltrúar stúdenta í Jafnréttisráði

Umhverfisráð

Team 2021-2022:

Yvonne Höller, Professor, Chairman of Environment Council

Giorgio Baruchello, Professor, member

Sean Michael Scully, Adjunct Professor, member

Gunnar Rúnar Gunnarsson, Director of Real Estate, member

Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir, Assistant of the Director of Real Estate, assistant member

Natalia Ramírez, PhD student, member

Margrét Sól Jónasdóttir, BA Student, member

Fríða Freydís Prastardóttir, BA Student, member

Renata Colwell, MA Student, guest member

Victoria Patenaude, MA Student, guest member

Jordane Liebeaux, MA Student, guest member

Julie Madsen, MA student, guest member

Activities of the Environmental Council 2021-2022:

This academic year has been busy and productive in the Environmental Council. To inform everyone better and especially, to brief the freshman and new staff members, we prepared a video about actions and activities: [News from the environmental council @UNAK 2021](#)

One of our targets is the improvement of sustainable transport options available for university students and staff. The environmental council lobbied for making available the electric car for private use for staff members. Also, bikes were made available for everyone, for private use or work/studies-related errands for free. Furthermore, during the bike-fixing day everyone could bring a bike for repair to the University at no cost. Several events related to transportation have also taken place like electric transportation day and car-free day. In addition, we encouraged students and staff to apply to the transportation agreement. The agreement for students is new and all students who signed up will be awarded for their great environmentally friendly transport habits with vouchers.

Environmental awareness has been promoted at the 1st Sustainability workshop at UNAK last April and will be repeated with new topics and experts from all over the globe this year (8th of April) – save the date!

With the green teaching award, we honored for the first time teachers who in create environmental awareness in their teaching: Brynhildur Bjarnadóttir, Associate Professor and Rachael Lorna Johnstone, Professor were the winners of 2021. This year we hand out the green teaching award for the second time, but also, we launch the green thesis award for students from all faculties. You can apply here: <https://forms.office.com/r/t3CUacLyWy>

Initiatives such as trash-collection (plokkgdagur) were supported by a great number of students and staff members who also participated in the funniest trash found award, plastic-free September, and challenges about the best idea to avoid rubbish. In addition, the University now has a plant exchange station on the 1st floor in front of the O-corridor downstairs where you could find amazing aloe vera, citrus smelly verbena and much more. We are excited to find more plants after the winter break.

Two amazing new projects have been started by students at the Environmental Council within the green flag project. First, with a survey about waste water treatment in Akureyri we aim to increase the awareness of the citizens about the problem with discharging untreated waste water into the fjord. You can be also part of this survey by participating at: <https://forms.office.com/r/uxyMWbDnXe>

Second, we launched a project on plastic pollution and plastic waste. Stay tuned!

We would like to thank everybody who contributed and participated in our events, surveys, challenges, workshops and more. At the same time, we are happy to hear your suggestions and ideas for improving our environmental actions so do not hesitate to contact us through unak website or simply through our Facebook or Instagram page called Umhverfisradha. Join the green site!

“If you really think that the environment is less important than the economy, try holding your breath while you count your money.”— Dr. Guy McPherson

Akureyri, 16. Febrúar 2022

Natalia Ramirez Carrera

Vísindaráð

Aðalfulltrúar í Vísindaráði starfsárið 2021-2022

Árún Sigurðardóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Hilmar Bragi Janusson, tilnefndur af rektor

Hjördís Sigursteinsdóttir, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Peter Shepherdson, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Sigríður Halldórsdóttir, formaður, tilnefnd af rektor

Heiðdís Fríða Agnarsdóttir, fulltrúi nemenda

Varafultrúar í Vísindaráði starfsárið 2021-2022

Alexander Smáráson, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Berglind Hólm Ragnarsdóttir, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Bjarni Gautason, tilnefndur af rektor

Kristinn Pétur Magnússon, tilnefndur af rektor

Thanh Viet Nguyen, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Sigurjón Þórsson, fulltrúi nemenda

Upplýsingafultrúar Vísindaráðs 2021-2022

Dana Rán Jónsdóttir (farin í fæðingarorlof)

Helga Einarsdóttir (staðgengill)

Pistill frá fulltrúa stúdenta í Vísindaráði

Hlutverk fulltrúa SHA í ráðinu í vetur hefur fyrst og fremst verið þess eðlis að vera áheyrnarfulltrúar nemenda. Í lok skólaársins 2020-21 var haldið áfram með umræðu um endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna, auk þess sem skoðaðar voru leiðir til að efla þjónustustig við skólann. Í vetur, 2021-22, hefur fókusinn einkum verið á að undirbúa yfirferð yfir nýja stefnu Háskólans á Akureyri fyrir árin 2024-2029, umræður um rannsóknarstefnur og rannsóknaráætlanir fyrir hverja og eina deild og svið Háskólans, og fara yfir sérstöðu Háskólans á Akureyri. Stefna Vísindaráðs rennur út árið 2023 og er næsta verkefni ráðsins að vinna að nýrri stefnumótun. Sú vinna fer af stað haustið 2022.

Bókun frá fráfaramandi varafultrúa í Vísindaráði

Það er álit fráfaramandi varafultrúa SHA í Vísindaráði að æskilegt væri að fulltrúi SHA í Vísindaráði í framtíðinni væri framvegis doktorsnemi við skólann eða a.m.k. meistaranemi,

vegna eðlis þeirrar umræðu sem á sér stað í Vísindaráði. Þessu álitu hefur verið komið fram við Vísindaráð, og ætlar formaður Vísindaráðs að koma þessu á framfæri við Mörthu Lilju.

Akureyri 19. feb. 2022

Heiðdís Fríða Agnarsdóttir

Sigurjón Þórsson

Stjórn FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, FÉSTA, er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar og Akureyrarbær eiga aðild að. Þessir aðilar skipa einnig fulltrúa í stjórn FÉSTA. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdentana. Stjórn FÉSTA er skipuð fimm fulltrúum; einum fulltrúa Akureyrarbæjar, tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri og tveimur fulltrúum stúdenta.

Stjórn FÉSTA starfsárið 2021 - 2022 skipa:

Halla Margrét Tryggvadóttir, formaður stjórnar, skipuð af Akureyrarbæ

Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármálasviðs, skipuð af háskólaráði

Hólmar Svansson, framkvæmdastjóri HA, skipaður af háskólaráði

Friða Freydís Þrastardóttir stúdent, skipuð af SHA

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson stúdent, skipaður af SHA

Til vara:

Sigurjón Þórsson, skipaður af SHA

Pistill frá stúdentum í stjórn FÉSTA

Fulltrúar stúdenta hafa verið í góðri samvinnu við starfsmenn FÉSTA og hefur upplýsingaflæði til stúdenta HA verið afar gott. Eignir FÉSTA hafa verið í sífelldri endurskoðun til þess að mæta eftirspurn stúdenta og sendi félagið frá sér tvær kannanir varðandi þörf á húsnæði FÉSTA. Önnur könnunin var send á alla nemendur í háskólanum en hin var send á elstu nemendur fjögurra framhaldsskóla, sem mögulega verða hluti af leigjendahópi félagsins. Þar sem eftirspurn er minni eftir þriggja herbergja íbúðum var ákveðið að prófa á vorönn að leigja út lausar þriggja herbergja íbúðir fyrir fjarnema sem koma í lotur. Augljóst er að það er afar mikilvægt að fulltrúar SHA í stjórn FÉSTA séu tilbúnir að eiga gott samráð við félagið með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

*Friða Freydís Þrastardóttir
Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
Fulltrúar SHA í stjórn FÉSTA*

Aðildarfélög SHA

Aðildarfélög SHA eru sviðs- og deildarfélög. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast gegnum árin og tekið miklum breytingum eins og starfsemi og hlutverk SHA. Formenn aðildarfélaganna eiga allir sæti í stúdentaráði. Aðildarfélögin starfa eftir verklagsreglum sem stúdentaráð setur. Aðildarfélög SHA eru átta talsins í dag:

- **Data**, félag tölvunarfræðinema, var stofnað 2016.
- **Eir**, félag heilbrigðisnema, var stofnað 1990. Nafn félagsins er fengið úr norrænni goðafræði.
- **Kumpáni**, félag hug- og félagsvísindanema, var stofnað 2004, eftir að nemendur félagsvísindadeildar höfðu verið eitt ár félagsmenn í Magister.
- **Magister**, félag kennaranema, var stofnað árið 1993 og varð því fjórða deildarfélagið sem stofnað var við HA.
- **Reki**, félag viðskiptafræðinema, hét áður félag rekstardeildarnema og dregur nafn sitt af því. Félagið var stofnað árið 1990. Á tímabili starfræktu meistaranemar í viðskiptafræði undirfélag Reka sem nefndist A-meistari. Starfsemi þess félags var mjög lítil og starfstími þess stuttur.
- **Stafnbúi**, félag nema í auðlindafræðum var stofnað árið 1990, um leið og kennsla hófst í sjávarútvegsfræði við HA.
- **Þemis**, félag lögfræðinema, var stofnað árið 2005 og var þá undirfélag Kumpána. Eftir að hafa verið eitt ár í Magister og undir Kumpána í fimm ár klufu laganemar sig algerlega frá Kumpána í mars 2009 og hefur Þemis starfað óháð öðrum aðildarfélögum síðan.

Ársskýrsla Data

Formaður: Árni Steinar Þorsteinsson

Varaformaður: Þorsteinn I Rafnar Stefánsson

Nýnemafulltrúi: Baldur Jónsson

Gjaldkeri: Esther Helena Hauksdóttir Laxdal

Ritari: Rúnar Vestmann

Landsbyggðarfulltrúi: Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir



Fulltrúar í fastanefndum SHA:

Fulltrúi í viðburðanefnd: Ragnar Smári Ómarsson

Fulltrúi í kynninganefnd: Þorsteinn I Rafnar Stefánsson

Ný stjórn Data var kjörin á aðalfundi félagsins sem fór fram í Háskólanum á Akureyri þann 16 febrúar 2021. Erfitt var að finna fólk í stjórn og tók því núverandi stjórn þetta verkefni að sér. Engin mótframboð bárust og því allir meðlimir stjórnarinnar sjálfkjörnir.

Starfsemi félagsins

Data er nýlegt félag sem samanstendur af tölvunarfræðinemum sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík, en einnig eru einhverjir nemendur á 2. og 3. ári í námskeiðum á vegum Háskólans á Akureyri. Þrátt fyrir að fæstir félagsmenn stundi nám við Háskólann á Akureyri tekur allt félagið virkan þátt í félagslífinu innan HA. Megináhersla félagsins er að halda uppi öflugum félagslífi innan félagsins ásamt því að taka þátt í og skipuleggja viðburði með öðrum aðildarfélögum SHA. Starfsemin felst einnig í kynninga- og hagsmunamálum. Þó er aðallega tekið á hagsmunamálum í Háskólanum í Reykjavík en stjórn Data er félagsmönnum ávallt innan handar þegar kemur að slíkum málum.

Félagsstarf

8. mars - Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar

Ný stjórn hittist ásamt fráfarandi stjórn til að ganga frá stjórnarbreytingum. Meðal annars var rætt um hvað þurfti að gera t.d. var planið í vikunni að koma skjölum til ríkisskattstjóra og skrifa undir pappíra til þess að geta fengið kort og heimabanka fyrir formann og gjaldkera.

15. mars - Annar stjórnarfundur nýrrar stjórnar

Ný stjórn hittist rafrænt til að plana aðeins framhaldið. Við ætlum að halda hitting í Borgum næstkomandi laugardag til að skapa smá stemningu fyrir meðlimi Data.

20. mars - Hittingur í borgum

Fyrsti viðburður nýrrar stjórnar Data var haldinn þann 20. mars í borgum. Í heildina mættu 12 manns og var þetta skemmtilegt kvöld. Það var spilað Pöbkkviss og Cards against humanity og einnig var borðtennisborðið dregið fram og voru teknir nokkrir leikir á því. Svo má ekki gleyma að það voru pantaðar 6 pizzur frá Dominos og einnig voru allskonar drykkir í boði.

24. apríl - Discord game night

Þann 24. apríl var haldið rafrænt tölvuleikjakvöld í gegnum Discord. Þá voru spilaðir tölvuleikirnir Among Us, Fall Guys, Valorant og League of Legends. Það var mikill hiti í leikmönnum og var þetta skemmtilegt kvöld með fullt af spennandi leikjaspili ásamt skemmtilegum umræðum.

15. maí - Próflokahittingur á Bryggjunni

Laugardaginn 15. maí var leigður salur á Bryggjunni fyrir félagsmenn Data. Hittingurinn var ákveðinn því öllum prófum og námskeiðum var formlega lokið. Þá er tilefni til þess að slaka á, hittast og ræða um lífið og sumarplönin.

20. ágúst – Nýnemakvöld Data

Stjórnin ákvað að halda viðburð fyrir nýnema. Þá var farið á Ölstofuna þar sem boðið var upp á fría drykki fyrir félagsmenn. Þar fengu viðstaddir að kynna hvort öðrum betur og jafnvel var fólk á mismunandi árum námsins að sjást í fyrsta skiptið. Því var þetta góð leið til að kynna samnemendum og skemmta sér fram eftir kvöldi.

26. ágúst – Kosning nýnemafulltrúa

Eftir dæmatíma í forritun var hittingur í Háskólanum á Akureyri í þeim tilgangi að kjósa nýjan nýnemafulltrúa þar sem 3 manneskjur buðu sig fram.

Frambjóðendur: Baldur Jónsson, Sólís Diljá Kristjánsdóttir, Þorsteinn Jón Thorlacius

Áður en kosningin hófst þá var nýtt tækifærið til að ræða um framhaldið og voru meðlimir hvattir til að koma með hugmyndir um hvað væri hægt að gera á önninni.

Hér eru nokkur atriði sem komu upp:

- Vísindaferðir til fyrirtækja (Þula, Stefna, Five degrees, Wise og svo framvegis)
- Fá einhvern sem er útskrifaður til að segja frá sinni reynslu
- Fá fyrirlesara til að halda ræðu
- Lærdómskvöld (værum með stofu í HA, myndum panta pítsu og svona)
- Party tölvuleikir á Steam í gegnum Discord eða það væri hittingur og skjávarpi.
- Hittast og forrita eitthvað fyrir Data.
- Clash of code kvöld (forritunarkeppni)
- LAN (þar sem fólk myndi koma með tölvur, eða við myndum leigja á vegum Þórs)

Eftir það var rætt um hvað væri hægt að gera á vegum félagsins þá fór kosningin í gang. Fyrst héldu frambjóðendur stutta ræðu, þar sem þeir kynntu sig og nefndu hvers vegna fólk ætti að kjósa sig.

Svo kaus fólk með því að skrifa upphafsstaf frambjóðanda á blað og öllum atkvæðum var síðan safnað saman í kassa. Ritarinn sjálfur, hann Rúnar Vestmann, taldi atkvæðin og komst að þeirri niðurstöðu (eftir 2 talningar) að Baldur sigraði kosninguna. Það munaði 2 atkvæðum á fyrstu tveimur sætunum og má segja að þetta var hnífjöfn kosning.

13. september – Lærdómskvöld

Í heildina mættu um 17 manns og var þetta skemmtilegt og skilvirkt kvöld. Nemendur á öllum þremur árgöngum mættu og var mikið um að fólk hjálpaðist að. Svo má ekki gleyma að það voru pantaðar 10 pizzur frá Dominos og einnig voru allskonar drykkir í boði. Ostapítsan var langvinsælust og kláraðist strax, því er æskilegt að muna eftir því atviki næst þegar það á að panta pizzur.

16. september – Sprellmóts Preppkvöld

Þeir nemendur sem ætluðu að taka þátt í sprellmótinu fyrir hönd Data hittust á Ölstofunni um kvöldið til að skapa plan varðandi mótið.

17. september – Sprellmót SHA

Svaka dagskrá í boði SHA fyrir nemendur háskólans á Akureyri. Samkvæmt hefðinni þá var búningapema sem hvert nemendafélag ákvað. Meðlimir Data klæddu sig upp sem nörd, hvít skyrta og slaufa og svo var annað valkvætt (t.d. axlabönd, gleraugu með teipi, sleikt hár, hátt girtar buxur, belti, sokkar yfir buxum, vasareiknir/pennar/notebook í brjóstvasanum), því ýktara, því betra. Sprellmótið var haldið í hátíðarsal skólans, en byrjaði að venju á Ráðhústorginu. Aðildafélög kepptu hvort við annað í hinum ýmsu keppnisgreinum og félagsmenn Data stóðu sig með þryði.

25. október – Lærdómskvöld

Fyrst að það var mikið verkefnaálag þá var ákveðið að halda annað lærdómskvöld til að fólk myndi frekar mæta upp í skóla og hittast því þá er hægt að hjálpast að og einnig mynda smá stemningu. Þetta var sama fyrirkomulag og seinast, við vorum í stofu K201, drykkir og pítsa í boði nemendafélagsins Data.

13. desember – Próflukahittingur

Fyrst að prófatíðin og verklegu námskeiðin eru búin að renna sitt skeið þá var kominn tími til að gera eitthvað saman. Meðlimir Data hittust á Ölstofunni til að fagna þessum tímamótum.

16. desember – D&D kvöld

Meðlimir Data hittust í háskólanum til að spila borðspilið D&D saman.

14. janúar - Pizza í hádeginu og bjór um kvöldið á ölstofunni.

Farið var á bryggjuna og fengið sér hlaðborð og svo bjór kvöld á ölstofunni.

Kynningarmál

Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðideildar HA, hefur frá upphafi verið duglegur við að kynna námið í grunnskólum, framhaldsskólum og hinum ýmsu viðburðum um land allt.

Það sem betur mætti fara

Ekki var mikill metnaður til að taka þátt í starfi SHA og tekur formaðurinn það á sig. Við hefðum geta verið duglegri við minniháttar hittinga eins og t.d. að spila among us á Discord. Við vorum með stærri hugmyndir um hvað ætti að gera yfir önnina en í raun varð.

Stjórn Data 2021-2022



EIR

Stjórn Eirar 2021-2022:

Formaður: Hugrún Sigurðardóttir

Varaformaður: Erla Salome Ólafsdóttir

Gjaldkeri: NN

Ritari: Lilja Gestsdóttir

Meðstjórnandi: Brynja Rún Steinþórsdóttir

Hagsmunafulltrúi: Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir

Tengiliður nýnema hjúkrun: Sunneva María Pétursdóttir

Tengiliður nýnema iðjuþjálfarar: Hrafn Jónsson

Tengiliður nýnema í framhaldsnámi sjúkraliða: Kristín Helga Stefánsdóttir

Fulltrúar í fastanefndum SHA:

Fulltrúi í viðburðanefnd: Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir

Fulltrúi í kynninganefnd: Gabriela Auður

Starfsemi félagsins

Eir er stærsta nemendafélag Háskólans á Akureyri og í því eru nemendur úr hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og nemar í framhaldsnámi á heilbrigðisvísindasviði. Félagið leggur megináherslu á að halda uppi öflugum félagslífi fyrir félagsmenn sína. Haldnir eru reglulegir viðburðir og vísindaferðir bæði á vegum Eirar og í samstarfi við hin nemendafélögin. Einnig tekur félagið virkan þátt í viðburðum á vegum SHA.

18. febrúar 2021 – Aðalfundur Eirar

Aðalfundur Eirar var haldinn rafrænt á zoom þar sem ný stjórn var kosin.

13. mars 2021 – Árshátíð SHA

Halda átti árshátíð SHA með pompi og prakt laugardaginn 13. mars en var aflýst vegna COVID-19. Höfðu meðlimir úr Eir gert árshátíðarvideo og undirbúið fyrirparty sem átti að vera fyrir árshátíðina.

25. ágúst 2021 – Nýnemadagar

Stjórn Eirar mætti öll á nýnemadaga í háskólanum og kynnti félagið í þremur kennslustofum. Stjórn óskaði eftir framboðum til nýnemafulltrúa og grillaði hamburgara í gesti og gangandi.

25. ágúst – Nýnemakvöld

Nýnemakvöld Eirar var haldið á Ölstofunni og mættu 75 nýnemar á kvöldið ásamt því að félagið bauð upp á gullnar veigar og pub quiz. Nýnemar voru ánægðir með kvöldið og fannst gaman að hitta samnemendur sína fyrir skólaárið.

27. ágúst – Nýnemadagar SHA

Stjórn Eirar og aðrir meðlimir aðstoðuðu við ratleik og grill á nýnemadögum SHA. Fjölmenntu Eirlingar á viðburðinn um daginn og í Sjallann um kvöldið þar sem var dansað fram að lokun.

4. september – Kosning nýnemafulltrúa

Kosning nýnemafulltrúa var rafræn og lokaði 4. september. Var Sunneva kosin fyrir hönd hjúkrunarnema en Hrafn og Kristín sjálfkjörin. Var ákveðið að framhaldsdeild sjúkraliða ætti nýnemafulltrúa í ár vegna þess að þetta er ný námsbraut og mikilvægt að vera með tengingu við nemendur ef koma þyrfti ábendingum til okkar.

10. september – 23. september – Vísindaferðir í stjórnmalaflokka

Félagar úr Eir mættu í vísindaferðir á vegum stjórnmalaflokkana vikurnar fyrir alþingiskosningar. Var á öllum stöðum boðið upp á veitingar og gullnar veigar á meðan að stúdentar ræddu við stjórnmalafólk.

15. september – Undirbúningskvöld fyrir Sprellmót

Nemendur hittust og fönnduðu búninga fyrir sprellmótið, en fyrir kvöldið höfðu nemendur kosið „Dude with Sign“ sem búninginn sinn.

17. september – Sprellmót

Eirlingar hittust á efri hæðinni á Vamos og hituðu upp fyrir sprellmót. Þar var boðið upp á gullnar veigar og var dansað þangað til að mæta átti á Ráðhústorgið. Gekk Eir vel á mótinu og höfnuðu í 3. sæti.

14. október – Bjórbingó SHA

SHA bauð nemendum skólans að mæta á bjórbingó þar sem boðið var upp á góða stemningu og veglega vinninga.

28. október - Hryllingsmyndakvöld SHA

SHA bauð nemendum skólans að mæta á hryllingsmyndakvöld í hátíðarsalnum.

29. október – Halloween partý SHA

SHA bauð nemendum að mæta á Halloween partý á Vamos og skemmtu nemendur sér konunglega.

Frestað – Lotuhittingur klásusnema

Halda átti lotuhitting klásusnema á Borgum 4. nóvember sem þurfti að fresta vegna smita sem komu upp í lotunni.

16.-22. nóvember - Upprifjunarnámskeið Eirar

Í þriðja sinn var upprifjunarnámskeið Eirar haldið og skráðu hátt í 100 klásusnemar sig á námskeiðið, sem er jafnframt fjáröflun fyrir nemendafélagið. 4. árs hjúkrunarnemarnir Bryndís Elva Bjarnadóttir og Sýlvía Sif Halldórsdóttir fóru fyrir kennslunni. Bryndís kenndi Vefja- og frumulíffræði en Sýlvía líffærafræði. Ef nemendur skráðu sig á annað námskeiði kostaði það 6.000 kr en ef þeir skráðu sig á bæði var það 12.000 kr. Var mikil ánægja meðal nemenda sem og kennara. Ekki var áhugi hjá 1. árs iðjuþjálfunarnemum fyrir upprifjunarnámskeiði í Byggingu og starfsemi mannlíkamans líkt og fyrri ár.

Frestað – Próflokapartý Eir

Stjórn ætlaði að bjóða nemendum upp á veglegt próflokapartý fyrir jólafrí, en var frestað vegna samkomutakmarkana.

Frestað – Stóra Vísó

Halda átti stóru vísó helgina 29.-31. janúar en var frestað vegna COVID-19. Hafði stjórn haft samband við fjölmörg fyrirtæki og skipulagt nokkrar ferðir, en illa gekk að fá að koma í heimsókn hjá flestum fyrirtækjum vegna covid.

Stjórn Eirar 2021-2022

Ársskýrsla Kumpána

Stjórn Kumpána 2021-2022:

Formaður: Guðný Helga Johnsen

Varaformaður: Marta Gréta Magnúsdóttir

Gjaldkeri: Alda Rut Sigurðardóttir


Ritari: Þóra Margrét Karlsdóttir

Nýnemafulltrúi sálfræðinema: Inga Bryndís Ingadóttir

Nýnemafulltrúi félagsvísindanema: Guðrún Ósk

Aðalsteinsdóttir

Nýnemafulltrúi lögreglufræðinema: Kolbrún Birna Jökulrós Prastardóttir



KUMPÁNI

Fulltrúar í fastanefndum SHA

Fulltrúi í viðburðarnefnd: Silja Rún Friðriksdóttir

Fulltrúi í kynningarnefnd: Rúnar Freyr Júlíusson

Fulltrúi í alþjóðanefnd: Harpa Lís Þorvaldsdóttir

Almennt

Ný sjón Kumpána var kjörin á aðalfundi sem haldin var á zoom, þann 11. febrúar 2021. Einungis bárust framboð í stöðu formanns og varaformanns en fyllt var í eftirliggjandi stöður á fundinum sjálfum. Eftir aðalfundinn skutlaði fráfarandi stjórn út pizzum frá Domino's fyrir þá nemendur sem mættu á fundinn.

Þar sem ný stjórn tók við í Covid bylgju var því miður ekkert gert fyrr en leið á nýtt misseri, Árhátíð SHA var frestuð og að lokum aflýst vegna aðstæða í samfélaginu.

Félagsstarfið

Nýnemadagar fóru fram 23. – 27. Ágúst og voru nýnemadagar hug- og félagsvísindasviðs haldnir þann 23. ágúst. Á nýnemadögum mætti stjórn Kumpána og kynnti starfsemi félagsins fyrir nýjum stúdentum og byrjaði stjórnin á að auglýsa eftir nýnemafulltrúum á þeim degi. Dagurinn endaði svo á nýnemakvöldi á Götubarnum þar sem nemendur komu saman og kynnst hver öðrum áður en námið byrjaði fyrir alvöru. Frábær mæting var á viðburðinn og bauð Kumpáni upp á fljótandi veigar.

SHA hélt svo nýnemadjamm SHA sem var haldið á Sjallanum.

Kosning nýnemafulltrúa var haldin á Instagram þar sem frambjóðendur gátu kynnt sig og hvað þeir hefðu upp á að bjóða og var svo kosið um hver fengi að sitja í sjórn Kumpána sem nýnemafulltrúi. Inga Bryndís var sjálfkjörin fyrir sálfræðinemendur en það voru tvær sem sóttu um stöðu nýnemafulltrúa félagsvísinda og var Guðrún Ósk kjörin í það embætti. Kolbrún Birna, nýnemafulltrúi lögreglufræðinema var svo fundin og fengin til að vera partur af stjórninni á Sprellmóti SHA sem haldið var 17. september 2021.

Sprellmótið var haldið 17. September og var undirbúningsfundur fyrir mótið þar sem félagsmenn komu saman, ákváðu búninga (og viljum við meina að við höfum verið langflottust enda mættum við sem Grease), hæfileikaatriði, sem var að sjálfsögðu frábært, og á þeim fundi var einnig skipað í stöður fyrir mótið sjálft. Kumpáni bauð þeim sem mættu til fundar upp á pizzur frá Pizzunni.

Á Sprellmótinu sjálfu hittust félagsmenn í upphitun á Bryggjunni þar sem Kumpáni bauð upp á léttar, fljótandi veigar til að hita aðeins upp í nemendum og einnig bauðst nemendum að kaupa sér mat á hlaðborði hjá þeim. Frábær mæting var á Sprellmótið og félagsmenn skemmtu sér vel. Eftir upphitun á Bryggjunni, hittust öll aðildarfélögun á Ráðhústorgi þar sem farið var í skemmtilegar keppnir milli félaga. Eftir viðburði á Ráðhústorgi var farið upp í rútu og leiðin haldið upp í Háskóla þar sem skemmtunin hélt áfram. Kumpáni enduðu ekki sem sigurvegarar þetta árið, en óskaði Magister til hamingju með sinn sigur.

Kumpáni hélt upp á fjóra lotuhittinga á árinu. Fyrsti hittingur var með fyrsta ári félagsvísindanema og hittust félagsmenn á Borgum, þar sem var spilað og spjallað og bauð Kumpáni upp á léttar veigar og pizzur sem við fengum í samstarfi við Pizzuna. Næsti hittingur var svo annað og þriðja ár félagsvísindanema og hittust félagsmenn á Ölstofu Akureyrar þar sem Kumpáni bauð fljótandi veigar og svo var tekið vel á því í karíókí. Næsta lotu hittingur var með fyrsta ári sálfræðinema og var hann einnig haldinn á Borgum þar sem Kumpáni bauð upp á léttar fljótandi veigar og pizzur frá Pizzunni. Annað og þriðja ár sálfræðinema mætti svo á Ölstofu Akureyrar þann 19. Október.

Kumpáni hélt nokkur lærdómskvöld, þar sem félagsmenn komu saman á Borgum, eða bókaðari stofu og lærðu saman. Þetta reyndist mjög gott eftir fyrsta hitting og ákveðið var því að halda nokkra svona rólega hittinga þar sem nemendur gátu komið saman og verið að læra.

Í lotu viku bauðst svo nemendum að panta sér Kumpána peysur frá 66° og komust þær á leiðarenda loksins í lok janúar.

